

Það er nótt úti' í hafi, og dimt yfir djúpinu og kalt,
 í dauðanum hlakkar, sem rándýri er leikur við bráð,
 er voðinn og lífsþráin vega á öldunum salt
 og veinandi deyjendur hrópa á miskunn og náð.
 Þar eigast við lífið og dauðinn um drygklanga stund,
 svo dettur alt niður og verður svo sviþlega hljótt.
 Og dauðinn af hólminum heldur með sigur í mund,
 því honum varð vænlegt til bráðar á þessari nótt.

Það er morgun á hafinu. Dökkleitu slæðuna dró
 frá djúpinu sólin, og lítur nú hafflötin á,
 þars hálfstirðnuð lík sökkva í hundraða tali í sjó,
 en hafmærin grátandi kveður við sæbarinn ná.
 Og uppi í landi er harmur og söknuður sár,
 þars syrgjendur trega sinn ástvin og framtíðar von,
 og ekkjan og smábörnin fella yfir föðurnum tár,
 en faðir og móðirin harma sinn ástfölginn son.

Lauslega kveðið úr ensku af E. Á.



Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

DAUÐINN.

Hinir dauðu voru hjá honum, ekki að eins í endurminning-
 unum eins og þær líða fram hjá, heldur næstum áþreifanlegir,
 eins og í mjög ljósum draumi. Ungi maðurinn feiti studdi oln-
 bogunum á borðið á móti honum; Margrét gekk á milli garðsins
 og skálans með svantu sína fulla af blómum; honum heyrðist